



## Fundargerð

Tilv. 1801077/2.10.1

Fundur: Grisjunarráð 9/2018.  
Dagsetning og tími: 5. nóvember 2018, kl. 11:45.  
Boðaðir: Njörður Sigurðsson sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs og staðgengill þjóðskjalavardar í forföllum Eiríks G. Guðmundsson þjóðskjalavardar, Hrefna Róbertsdóttir sviðsstjóri varðveislu- og miðlunarsviðs og varamaður Njarðar Sigurðssonar og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður  
Mættir: Allir mættir  
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs

### Dagskrá:

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs dags. 26. september 2018.
2. Tilkynning Náttúruhamfaratryggingar Íslands um gagnakerfið Finnur SharePoint dags. 17. desember 2016 – ákvörðun um grisjun (málsnr. 1704151).
3. Grisjunarbeiðni Ríkisútvarpsins ohf. dags. 26. apríl 2018 – vinnuskjöl fréttar og fréttatengdra þátta (var á dagskrá grisjunarráðs 31. maí 2018) (málsnr. 1804128).
4. Grisjunarbeiðni Heilbrigðisstofnunar Norðurlands dags. 10. júlí 2018 – sjúkraskrár (málsnr. 1807056).
5. Grisjunarbeiðni Náttúruhamfaratryggingar Íslands dags. 9. ágúst 2018 – samskiptaupplýsingar í Tjónaskrá (málsnr. 1808031).
6. Grisjunarbeiðni Sjúkrahússins á Akureyri dags. 20. ágúst 2018 – vinnuskýrslur L-deilda (málsnr. 1808075).
7. Grisjunarbeiðni Sjúkrahússins á Akureyri dags. 20. ágúst 2018 – vinnuskýrslur ritara H-deilda (málsnr. 1808081).
8. Grisjunarbeiðni Sjúkrahússins á Akureyri dags. 20. ágúst 2018 – sjóðsuppgjör deilda (málsnr. 1808082).
9. Grisjunarbeiðni Sjúkrahússins á Akureyri dags. 20. ágúst 2018 – vinnuskýrslur (málsnr. 1808083).
10. Grisjunarbeiðni Borgarholtsskóla dags. 12. september 2018 – námsmatsgögn (málsnr. 1809083).
11. Grisjunarbeiðni Menntaskólans við Sund dags. 2. október 2018 – samningar við nemendur (málsnr. 1810007).
12. Grisjunarbeiðni Þjóðskrár Íslands dags. 11. október 2018 – umboð til afhendingar á vegabréfi (málsnr. 1810071).



13. Grisjunarbeiðni Sýslumannsins á Norðurlandi vestra dags. 25. október 2018 – umsóknir um leyfi til æfingaaksturs (málsnr. 1810139).

Staðgengill þjóðskjalavarðar setti fund og gengið var til dagskrár.

**1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grisjunarráðs dags. 26. september 2018.**

Fundargerð grisjunarráðs frá 26. september 2018 samþykkt og undirrituð.

**2. Tilkygning Náttúruhamfaratryggingar Íslands um gagnakerfið Finnur SharePoint dags. 17. desember 2016 – ákvörðun um grisjun (málsnr. 1704151).**

Samþykkt að ekki þurfi að afhenda rafræn gögn úr gagnakerfinu Finnur SharePoint í forni vörsluútgáfu. Samþykkt að heimila grisjun á rafrænum gögnum úr kerfinu þegar hagnýtu og stjórnsýslulegu gildi gagnanna er lokið. Forsenda ákvörðunarinnar er að gögnin í gagnakerfinu eru einnig varðveitt í Vörðunni mála- og skjalastjórnarkerfi Náttúruhamfaratryggingar Íslands sem þegar hefur verið tilkynnt og samþykkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**3. Grisjunarbeiðni Ríkisútvarpsins ohf. dags. 26. apríl 2018 – vinnuskjöl fréttu og fréttatengdra þátta (var á dagskrá grisjunarráðs 31. maí 2018) (málsnr. 1804128).**

Beiðnin var samþykkt. Ríkisútvarpinu ohf. er heimilt að eyða umbeðnum vinnuskjöllum fréttu og fréttatengdra þátta sem ná fram til ársins 2018 þegar skjölin eru orðin sex vikna gömul eða þegar hagnýtu gildi er lokið. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem hafa tímabundið gildi.

**4. Grisjunarbeiðni Heilbrigðisstofnunar Norðurlands dags. 10. júlí 2018 – sjúkraskrár (málsnr. 1807056).**

Beiðninni var hafnað. Rafræna gagnakerfið Saga sem heldur utan um sjúkraskrár hefur ekki enn verið tilkynnt til Þjóðskjalasafns Íslands og því ekki tryggt að hægt sé að afhenda gögn úr kerfinu til varðveislu í rafrænni vörsluútgáfu. Því ber afhendingarskyldum aðilum sem nota Sögu að varðveita sjúkraskrár á pappír þar til kerfið hefur verið tilkynnt og samþykkt af Þjóðskjalasafni.

**5. Grisjunarbeiðni Náttúruhamfaratryggingar Íslands dags. 9. ágúst 2018 – samskiptaupplýsingar í Tjónaskrá (málsnr. 1808031).**

Beiðnin var samþykkt. Náttúruhamfaratryggingu Íslands er heimilt að eyða umbeðnum samskiptaupplýsingum í Tjónaskrá sem ná yfir tímabilið frá 2015 og áfram. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem hafa tímabundið gildi og sömu upplýsingar eru að finna í bréfum stofnunarinnar sem eru varðveitt.



**6. Grisjunarbeiðni Sjúkrahússins á Akureyri dags. 20. ágúst 2018 – vinnuskýrslur L-deilda (málsnr. 1808075).**

Beiðnin var samþykkt. Sjúkrahúsinu á Akureyri er heimilt að eyða umbeðnum vinnuskýrslum L-deilda sem ná yfir tímabilið 1983–2000. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi.

**7. Grisjunarbeiðni Sjúkrahússins á Akureyri dags. 20. ágúst 2018 – vinnuskýrslur ritara H-deilda (málsnr. 1808081).**

Beiðnin var samþykkt. Sjúkrahúsinu á Akureyri er heimilt að eyða umbeðnum vinnuskýrslum ritara H-deilda sem ná yfir tímabilið 1983–1990. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi.

**8. Grisjunarbeiðni Sjúkrahússins á Akureyri dags. 20. ágúst 2018 – sjóðsuppgjör deilda (málsnr. 1808082).**

Beiðnin var samþykkt. Sjúkrahúsinu á Akureyri er heimilt að eyða umbeðnum skjölum er varða sjóðsuppgjör deilda sem ná yfir tímabilið 2010–2016. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi.

**9. Grisjunarbeiðni Sjúkrahússins á Akureyri dags. 20. ágúst 2018 – vinnuskýrslur (málsnr. 1808083).**

Beiðnin var samþykkt. Sjúkrahúsinu á Akureyri er heimilt að eyða umbeðnum vinnuskýrslum sem ná yfir tímabilið 2009–2012. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Jafnframt að upplýsingarnar eru skráðar í rafræna gagnakerfið Orra sem hefur verið tilkynnt og samþykkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**10. Grisjunarbeiðni Borgarholtsskóla dags. 12. september 2018 – námsmatsgögn (málsnr. 1809083).**

Beiðnin var samþykkt. Borgarholtsskóla er heimilt að eyða umbeðnum námsmatsgögnum sem ná yfir tímabilið 2017 og áfram tveimur árum eftir að skólaári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll námsmatsgögn sem ekki er skilað til nemenda frá einu skólaári fyrir ár sem enda á 0. Forsenda ákvörðunarinnar eru fyrri ákvarðanir um grisjun á námsmatsgögnum og prófúrlausnum.

**11. Grisjunarbeiðni Menntaskólans við Sund dags. 2. október 2018 – samningar við nemendur (málsnr. 1810007).**

Beiðninni var hafnað. Skjölin innihalda upplýsingar er varða nám nemenda við skólann og geta því varðað réttindi nemenda. Í reglugerð nr. 235/2012 um upplýsingaskyldu framhaldsskóla um skólalald, aðra kerfisbundna skráningu og meðferð persónuupplýsinga um nemendur segir í 8. gr. að framhaldsskólar skuli varðveita upplýsingar um nám nemenda og prófskírteini með tryggjum hætti þar til þeim ber að standa skil á þeim upplýsingum samkvæmt ákvæðum laga um Þjóðskjalasafn Íslands.



**12. Grisjunarbeiðni Þjóðskrár Íslands dags. 11. október 2018 – umboð til afhendingar á vegabréfi (málsnr. 1810071).**

Beiðnin var samþykkt. Þjóðskrá Íslands er heimilt að eyða umbeðnum umboðum til afhendingar á vegabréfum sem ná yfir tímabilið 2009–2018 ári eftir að vegabréf hefur verið afhent. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin hafa tímabundið gildi.

**13. Grisjunarbeiðni Sýslumannsins á Norðurlandi vestra dags. 25. október 2018 – umsóknir um leyfi til æfingaaksturs (málsnr. 1810139).**

Beiðnin var samþykkt. Sýslumanninum á Norðurlandi vestra er heimilt að eyða umbeðnum umsóknum um leyfi til æfingaaksturs sem ná yfir tímabilið 1994–2003 þegar hagnýtu og stjórnsýslulegu gildi er lokið. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem hafa tímabundið gildi.

Fundi slitið kl. 12:28.

Hrefna Róbertsdóttir (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)